

NÁMSKEIÐ FYRIR DYRAVERÐI 2015

Námskeið verður haldið fyrir dyraverði í samstarfi við Framsýn stéttarfélag og lögregluna á Norðurlandi eystra.

Helstu efnisþættir námskeiðsins eru:

- Kjarasamningsbundin réttindi dyravarða.
- Skyndihjálp.
- Eldvarnir.
- Lög og reglugerðir.
- Samskipti dyravarða og lögreglu.
- Valdbeiting / sjálfsvörn.



Námskeiðið verður haldið laugardaginn 28. nóvember frá klukkan 10:00 - 17:20 í sal Framsýnar við Garðarsbraut 26.

Verð: 5.000 kr. (Minnum á 75% endurgreiðslu Framsýnar á námskeiðsgjaldi).

Skráning í síma 464-5100 eða á hac@hac.is. Skráningu þarf að vera lokið fyrir fimmtudaginn 26. nóvember.



Jólamarkaður á Laugum

Helgina 5. – 6. desember verður jólamarkaður á Laugum.

Í Listasmiðjunni á Laugum - Breiðanesi.

Vörur m.a. frá Anitu, Flísinni - Allt með Tölu og djúlsdesign / Júlíu Þrastardóttur gullsmíði.

Í Matarskemmunni.

Vörur frá Vallakotsbúinu og Línubakkelsi.

Nánar auglýst síðar.

Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir

Sími: 464 4343, 866 0311

Netfang: myflugan@emax.is

41. tbl. 7. árg. miðvikudaginn 11. nóv. 2015

Afmælisbörn dagana 12. nóv. — 18. nóv. 2015

12. Þórhallur Kristjánsson.
13. Hjördís Sigríður Albertsdóttir.
15. Álfðís Sigurgeirsdóttir, Árný Hulda Sæmundsdóttir, Bjarni Jónasson.
17. Hugi Ólafsson, Kristján Galdur Stefánsson.
18. Hrólfur Hjörleifsson.



Guðspjónusta

verður í Reykjahlíðarkirkju næstkomandi sunnudag 15. nóvember, klukkan 14:00.

Fermingarbörn lesa ritningarlestra.
Nýr organisti okkar Jörg Sondermann leikur á orgelið og stjórnar kór.

Verið velkomin.
Sr. Örnólfur

Handavinnukvöld.

Við ætlum að hittast í Grunnskóla Skútustaðahrepps kl. 20:00 miðvikudagskvöldið 17. nóvember og hekla t.d stjórnur, hjörtu og jólapoka á jólatré kvenfélagsins.

Allar konur eru velkomnar
(þurfa ekki að vera í Kvenfélaginu)
Eitthvað verður til af garni og heklunálum.
Eins geta konur líka komið með sína eigin handavinnu og átt skemmtilega kvöldstund í góðum félagskap.

Kvenfélagskonur.



Fræðari með meiru.



MENNINGARMIDSTÖÐ PÍNGEYINGA

Tvo mikilvæga þætti vantaði í auglýsingu um starf við Menningarmiðstöð Píngeyinga sem birtist fyrir viku síðan.

Þetta vantaði:

Um tímabundna ráðningu til eins árs er að ræða.

Umsóknarfrestur er til 18. nóvember n.k.

Öllum fyrirspurnum svarar forstöðumaður stofnunarinnar, Sif Jóhannesdóttir í síma 464 1860 eða í gegnum tölvupóst safnahus@husmus.is.



Heilsufarsvandamál sem tengjast lifnaðarháttum fólks hafa aukist á undanförunum árum.

Sonja Sif Jóhannesdóttir master í Íþróttá- og heilsufræðum heldur fyrirlestur um heilbrigðan lífsstíl og leiðir til að efla heilsuvitund.

Lögð verður áhersla á mataræði, hreyfingu og jákvæða hugsun.

Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.



**Sjáumst í Íþróttamiðstöðinni
miðvikudaginn 18. nóvember kl: 20:00**

Mývetningar 67 ára og eldri.



SLSAVARNAFÉLAGID
LANDSBJÖRG

Okkur í Slysavarnadeildinni Hring áskotnuðust nokkrir göngustafir sem gott er að nota í göngutúrinn.

Ef þið hafið áhuga getið þið fengið þar að gjöf með því að hafa samband við Sollu P. í síma 847 2077.

Svo viljum við endilega minna á endurskinsmerkin. Þau eru fyrir alla aldurshópa og eru einnig fánleg hjá henni Sollu P. ykkur að kostnaðarlausu :)

Sjáumst
Slysavarnadeildin Hringur

Kæru sveitungar



SLSAVARNAFÉLAGID
LANDSBJÖRG

Nú erum við að byrja á okkar árlegu jólaskreytingum.

Eins og undanfarin ár afgreiðum við **einungis eftir pöntunum.**

Pantanir frá fyrirtækjum og einstaklingum þurfa að hafa borist fyrir kl 19:00 miðvikudaginn 18. nóvember.

ATH. Ákveðið var að hafa kransa í ár :)

Krans kostar 6.000 krónur.

Kertaskreyting kostar 5.500 krónur.

Leiðiskross kostar 4.000 krónur.

Leiðisgrein kostar 2.500 krónur.



Panta þarf hjá :

Arnheiði, sími 868 3855

Ingigerði, sími 847 9646

Siggu Jósa, sími 865 2005

Ef þið haldið til haga skreytingum frá í fyrra munum við eins og áður þiggja þær með þökkum til endurnýtingar.

Látið okkur vita ef þið viljið að við sækjum þær.

Allur ágóði af sölu skreytinga rennur til kaupa á grjónadýnu sem er nauðsynlegur útbúnaður hjá björgunarsveitinni okkar. Dýna sem þessi kemur til með að nýtast mjög vel en hún getur komið í stað hryggbretta þegar að sjúklingum með hugsanlega hryggáverka er sinnt.



Þökkum stuðningin
Slysavarnadeildin Hringur